ÍSLENSK útgáfa

# EES-viðbætir

## við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins

ISSN 1022-9337

Nr. 41

21. árgangur

17.7.2014


| | | | |
|---|---|---|---|
| | **I** | **EES-STOFNANIR** | |
| | **1.** | **Sameiginlega EES-nefndin** | |
| | **II** | **EFTA-STOFNANIR** | |
| | **1.** | **Fastanefnd EFTA-ríkjanna** | |
| | **2.** | **Eftirlitsstofnun EFTA** | |
| **2014/EES/41/01** | | Viðmiðunarfjárhæðir sem um getur í tilskipun 2004/17/EB og tilskipun 2004/18/EB, með áorðnum breytingum samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1336/2013, í gjaldmiðlum EFTA-ríkjanna | 1 |
| **2014/EES/41/02** | | Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum – Eftirlitsstofnun EFTA hreyfir ekki andmælum við eftirgreindri ríkisaðstoðarráðstöfun – Ákvörðun 124/14/COL | 1 |
| | **3.** | **EFTA-dómstóllinn** | |
| | **III** | **ESB-STOFNANIR** | |
| | **1.** | **Framkvæmdastjórnin** | |
| **2014/EES/41/03** | | Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7266 – D'Ieteren/Continental/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð | 2 |
| **2014/EES/41/04** | | Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7285 – Cerberus/Visteon Interiors) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð | 3 |
| **2014/EES/41/05** | | Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7295 – Parkwind/Aspiravi Offshore/Summit Renewable Energy Northwind/Northwind) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð | 4 |
| **2014/EES/41/06** | | Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7305 – TDR Capital/Delek Europe) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð | 5 |
| **2014/EES/41/07** | | Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7306 – Triton/GEA Heat Exchanger Business) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð | 6 |
| **2014/EES/41/08** | | Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7315 – Carlson/CWT) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð | 7 |

| | | |
|---|---|---|
| **2014/EES/41/09** | Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7321 – CVC Capital Partners/Vedici Groupe) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð | 8 |
| **2014/EES/41/10** | Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7323 – Nordic Capital/ GHD Verwaltung) | 9 |
| **2014/EES/41/11** | Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7324 – ACS/CLECE) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð | 10 |
| **2014/EES/41/12** | Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7181 – BNP Paribas Fortis/Bank Gospodarki Żywnościowej) | 11 |
| **2014/EES/41/13** | Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7222 – Enercon Independent Power Producer/Gothaer Leben Renewables/ Skogberget Vind) | 11 |
| **2014/EES/41/14** | Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7242 – Cargill/Copersucar/JV) | 12 |
| **2014/EES/41/15** | Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7271 – Russian Machines/Fritzmeier/JV) | 12 |
| **2014/EES/41/16** | Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7286 – CVC Capital Partners/Deoleo) | 13 |
| **2014/EES/41/17** | Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7287 – CD&R Fund IX/Mauser) | 13 |
| **2014/EES/41/18** | Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7289 – Golden Agri-Resources/CEPSA Quimica/JV) | 14 |
| **2014/EES/41/19** | Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7294 – Caryle/Haier Group/Haier Biomedical and Laboratory Product) | 14 |
| **2014/EES/41/20** | Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7301 – PAI Partners/Euro Media Group) | 15 |

# EFTA-STOFNANIR

## EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

**Viðmiðunarfjárhæðir sem um getur í tilskipun 2004/17/EB og tilskipun 2004/18/EB, með áorðnum breytingum samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1336/2013, í gjaldmiðlum EFTA-ríkjanna** **2014/EES/41/01**

| Viðmiðunarfjárhæðir í EUR | Viðmiðunarfjárhæðir í NOK | Viðmiðunarfjárhæðir í CHF | Viðmiðunarfjárhæðir í ISK |
|---|---|---|---|
| 134 000 | 1 014 608 | 163 038 | 21 571 317 |
| 207 000 | 1 567 342 | 251 857 | 33 322 856 |
| 414 000 | 3 134 684 | 503 714 | 66 645 712 |
| 5 186 000 | 39 266 836 | 6 309 806 | 834 842 176 |

**Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum** **2014/EES/41/02**

Eftirlitsstofnun EFTA hreyfir ekki andmælum við eftirgreindri ríkisaðstoðarráðstöfun:

**Dagsetning ákvörðunar:** 24. apríl 2014

**Málsnúmer:** 74432

**Ákvörðun nr.** 171/14/COL

**EFTA-ríki:** Liechtenstein

**Hérað:** Balzers

**Fyrirsögn (og/eða heiti styrkþega):** Bürgergenossenschaft Balzers (Samvinnufélag íbúa Balzers)

**Lagaheimild:** Ákvæði c-liðar 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins

**Tegund aðstoðar:** Stuðningur við fjarhitun og grunnvirki

**Markmið:** Aðstoð í umhverfisverndarskyni

**Aðstoðarform:** Styrkir

**Fjárveiting:** CHF 2 546 143

**Aðstoðarhlutfall:** Framleiðsla: 25%, grunnvirki: 75%

**Atvinnugreinar:** Orkuframleiðsla og -dreifing

**Heiti og póstfang stofnunarinnar sem veitir aðstoð:** EEA Coordination Unit, Europark, Austrasse 79, Liechtenstein

Fullgildan texta ákvörðunarinnar, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA:

http://www.eftasurv.int/state-aid/state-aid-register/.

# ESB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja** **2014/EES/41/03**

**(mál COMP/M.7266 – D'Ieteren/Continental/JV)**

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 10. júlí 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]) um fyrirhugaða samfylkingu þar sem belgíska fyrirtækið S.A. D'Ieteren N.V. („D'Ieteren"), sem lýtur yfirráðum D'Ieteren-fjölskyldunnar og hollenska fyrirtækið Continental Automotive Holding Netherlands BV, sem lýtur yfirráðum þýska fyrirtækisins Continental AG („Continental") öðlast með hlutafjárkaupum sameiginleg yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í nýstofnuðu fyrirtæki um sameiginlegt verkefni (JV).

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – D'Ieteren: í Belgíu dreifing á bílategundunum Volkswagen, Audi, Skoda, Seat, Porsche, Bentley, Lamborghini, Bugatti og Yamaha sem og varahlutum, aukabúnaði og viðhaldsþjónustu fyrir þessar sömu tegundir; sala á notuðum ökutækjum; bifreiðafjármögnun, rekstrar- og fjármögnunarleiga; útvegun á sýndarlykilkerfum fyrir bifreiðasamnýtingarlausnir í ýmsum löndum á Evrópska efnahagssvæðinu; viðgerðir og endurnýjun á rúðum í bifreiðir víða um heim

   – Continental: útvegun á ýmsum íhlutum fyrir bílaiðnaðinn víða um heim, þ.m.t. á hemlakerfum, nemum, hjólbörðum og rafeinda- og rafvörum og -kerfum

   – JV: lykilkerfi í bifreiðir með samnýtingu á bifreiðum í huga í ýmsum EES-löndum; útvegun á þjónustu (um snjallsímabúnað, vefsetur og hugbúnað) sem tengjast lausnum um samnýtingu á bifreiðum, þ.m.t. þjónusta við reikningsgerð, skýrslugjafarþjónusta og stjórnun á bílaflota

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([2]).

4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtíð. ESB (C 227, 17. júlí 2014). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.7266 – D'Ieteren/Continental/JV, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin").
([2]) Stjtíð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja** **2014/EES/41/04**

**(mál M.7285 – Cerberus/Visteon Interiors)**

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 7. júlí 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]) um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Cerberus Group („Cerberus“), fyrir milligöngu fyrirtækisins Promontoria Holding 103 B.V. („PH 103“), sem lýtur alfarið stjórn þess, öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í viðskiptum bandaríska fyrirtækisins Visteon Corporation með innréttingarkerfi í ökutæki („Visteon Interiors“).

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – Cerberus: fjárfestingar í fasteignum og lausafé, þ.m.t. fjármunaeignum, heimildarskírteinum, fjárfestingarfélögum, gagnkvæmum tryggingasjóðum, áskriftum, ábyrgðum, kaupheimildum, skuldabréfum, víxlum, óveðtryggðum skuldabréfum, valréttum og annars konar verðbréfum í ýmsum iðnaði um allan heim

   – Visteon Interiors: framleiðsla og útvegun á innréttingaríhlutum og -einingum í ökutæki, einkum mælaborðum, stjórnklefaeiningum, og hurðarklæðningum og -listum og gólfstjórnborðum

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([2]).

4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtíð. ESB (C 224, 15. júlí 2014). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni M.7285 – Cerberus/Visteon Interiors, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).
([2]) Stjtíð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja** **2014/EES/41/05**

**(mál M.7295 – Parkwind/Aspiravi Offshore/Summit Renewable Energy Northwind/ Northwind)**

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 10. júlí 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]) um fyrirhugaða samfylkingu þar sem belgísku fyrirtækin Parkwind NV („Parkwind“), Aspiravi Offshore („Aspiravi“) og breska fyrirtækið Summit Renewable Energy Northwind („Summit“) öðlast með hlutafjárkaupum sameiginleg yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í belgíska fyrirtækinu Northwind NV („Northwind“).

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – Parkwind: fjárfestingar- og þróunarfyrirtæki samstæðunnar Korys/Colruyt og PMV. Meginstarfsemi Korys/Colruyt-samstæðunnar er smásala á daglegum neysluvörum. PMV er óháð fjárfestingarfélag sem stjórnað er af flæmsku svæðisstjórninni

   – Aspiravi: félag sem er 100% í eigu Aspiravi Holding. Eina starfsemi Aspiravi Offshore um þessar mundir er eignarhald á hlut í Northwind. Aspiravi Holding lýtur óbeint yfirráðum belgískra sveitarfélaga

   – Summit: var stofnað sem félag með sérstakan tilgang vegna fyrirhugaðrar samfylkingar og er að öllu leyti óbeint dótturfyrirtæki Sumitomo Corporation. Sumitomo Corporation starfar við rekstur og smíði á vindbúum í Japan, Kína, Bandaríkjunum og Suður-Afríku

   – Norhwind: fyrirtæki sem er með sérleyfi og nauðsynleg leyfi til að starfrækja 216 MW vindbú í belgísku sérefnahagslögsögunni í Norðursjó

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([2]).

4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtíð. ESB (C 227, 17. júlí 2014). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni M.7295 – Parkwind/Aspiravi Offshore/Summit Renewable Energy Northwind/Northwind, á eftirfarandi póstfang:

   European Commission
   Directorate-General for Competition
   Merger Registry
   J-70
   B-1049 Brussels

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).
([2]) Stjtíð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja** **2014/EES/41/06**

**(mál M.7305 – TDR Capital/Delek Europe)**

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 9. júlí 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]) um fyrirhugaða samfylkingu þar sem breska fyrirtækið TDR Capital LLP („TDR“), fyrir milligöngu nýstofnaðs hollensks fyrirtækis DEL Acquisitions B.V. („DEL“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í hollenska fyrirtækinu Delek Europe B.V. („Delek Europe“).

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – TDR: fjárfestingarsjóður einkaaðila sem fjárfestir - einkum í Breska konungsríkinu – í mörgum atvinnugreinum, þ.m.t. í íþróttahúsum og heilsuræktarstöðvum, þjónustu sem tengist eignum sem standa tómar, einingarsmíði, börum og veitingarhúsum, skuldakaupum, vöruferilsstýringu við skil á vörubrettum og líftryggingum

   – Delek Europe: móðurfyrirtæki fjölda dótturfyrirtækja sem eru með viðskipti í Belgíu, Frakklandi, Lúxemborg og Hollandi. Fyrirtækið selur auk þess eldsneyti í lausu og smurolíu til heildsala, iðnaðarins og flutningafyrirtækja í Benelúx-löndunum

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([2]).

4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtíð. ESB (C 227, 17. júlí 2014). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni M.7305 – TDR Capital/Delek Europe, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).
([2]) Stjtíð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja** **2014/EES/41/07**

**(mál M.7306 – Triton/GEA Heat Exchanger Business)**

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 7. júlí 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]) um fyrirhugaða samfylkingu þar sem fyrirtækin Triton Managers IV Limited og TFF IV Limited, í krafti stöðu þeirra sem stjórnendur Triton Fund IV, sem er hluti af Triton-samstæðunni á Jersey („Triton“), öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í varmaskiptaviðskiptum þýska fyrirtækisins GEA Group Aktiengesellschaft.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – Triton: fjárfestingar í meðalstórum fyrirtækjum með höfuðstöðvar í Norður-Evrópu, einkum í Austurríki, Þýskalandi, Sviss og á Norðurlöndunum

   – Varmaskiptaviðskipti GEA Group Aktiengesellschaft: framleiðsla á ýmsum gerðum varmaskipta

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([2]).

4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtíð. ESB (C 224, 15. júlí 2014). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni M.7306 – Triton/GEA Heat Exchanger Business, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).
([2]) Stjtíð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja** **2014/EES/41/08**

**(mál COMP/M.7315 – Carlson/CWT)**

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 9. júlí 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]) um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Carlson, Inc, öðlast með hlutafjárviðskiptum að fullu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í hollenska fyrirtækinu CWT B.V sem um þessar mundir lýtur sameignlegum yfirráðum bandarísku fyrirtækjanna Carlson, Inc., og J.P. Morgan Chase & Co.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – Carlson, Inc: fyrirtæki sem starfar aðallega í ferðaþjónustu og hótelrekstri

   – CWT B.V.: fyrirtæki sem annast einkarekna ferðaþjónustu

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([2]).

4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtíð. ESB (C 227, 17. júlí 2014). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.7315 – Carlson/CWT, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin").
([2]) Stjtíð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja** **2014/EES/41/09**

**(mál M.7321 – CVC Capital Partners/Vedici Groupe)**

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 10. júlí 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]) um fyrirhugaða samfylkingu þar sem lúxemborgska fyrirtækið CVC Capital Partners SICAV-FIS S.A. öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í franska fyrirtækisins Vedici Groupe SAS.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – CVC Capital Partners SICAV-FIS S.A.: ráðgjafarþjónusta fyrir fjárfestingarsjóði og stjórnun þeirra

   – Vedici Groupe SAS: þjónusta við einkasjúkrahús í Frakklandi

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([2]).

4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtíð. ESB (C 232, 18. júlí 2014). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni M. 7321 – CVC Capital Partners/Vedici Groupe, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).
([2]) Stjtíð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja** **2014/EES/41/10**

**(mál M. 7323 – Nordic Capital/GHD Verwaltung)**

1. Framkvæmdastjórninni barst 10. júlí 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]) þar sem jerseyska fyrirtækið Nordic Capital VIII Limited („Nordic Capital“), sem er hluti af Nordic Capital Funds, sem kemur fram sem helsti samstarfsaðili Nordic Capital VIII Alpha, L.P. og Nordic Capital VIII Beta L.P og fyrir hönd þeirra, öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í þýska fyrirtækinu GHD Verwaltung GesundHeits GmbH Deutschland („GHD“) og beinum og óbeinum dótturfyrirtækjum þeirra.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – Nordic Capital Funds: einkafjármagnssjóður sem á hlutdeild í fyrirtækjum sem starfa í Evrópu í ýmsum atvinnugreinum, þ.m.t. við framleiðslu á stómavörum og sáraumbúðum

   – GHD: starfar í Evrópu við framleiðslu á stómavörum, samsettum lyfjum, vöruferilsstjórnun, heildsölu á lækningatækjum og lyfjum og útvegun á lækningatækjum og tilteknum lyfjum fyrir göngudeildarsjúklinga í Þýskalandi

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtíð. ESB (C 227, 17. júlí 2014). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni M. 7323 – Nordic Capital/GHD Verwaltung, á eftirfarandi póstfang:

   European Commission
   Directorate-General for Competition
   Merger Registry
   J-70
   B-1049 Brussels

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja** **2014/EES/41/11**

**(mál M.7324 – ACS/CLECE)**

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 4. júlí 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]) um fyrirhugaða samfylkingu þar sem spænska fyrirtækið ACS, Actividades de Construcción y Servicios, S.A. („ACS“), fyrir milligöngu dótturfyritækis síns ACS, Servicios y Concesiones, S.L, öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í spænska fyrirtækinu, CLECE, S.A. („CLECE“).

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – ACS er móðurfélag ACS-samstæðunnar sem starfar einkum á eftirfarandi sviðum: byggingariðnaðinum (verkframkvæmdir fyrir hið opinbera og einkaaðila), umhverfismálum, iðnaðarþjónustu og hefur með höndum sérleyfi fyrir samgöngumannvirki

   – CLECE hefur með höndum margs konar starfsemi, þ.m.t. hreingerningar og fullt viðhald á starfsstöðvum og fasteignum, útvegun á þjónustu á sviði umhverfismála og birgðastýringar, félagsþjónustu, sölu á tilbúnum mat og flugvallarþjónustu

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([2]).

4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtíð. ESB (C 224, 15. júlí 2014). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni M.7324 – ACS/CLECE, á eftirfarandi póstfang:

   European Commission
   Directorate-General for Competition
   Merger Registry
   J-70
   B-1049 Brussels

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).
([2]) Stjtíð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2014/EES/41/12**

**(mál M.7181 – BNP Paribas Fortis/Bank Gospodarki Żywnościowej)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 14. júlí 2014 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við stafl. b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]). Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

– Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.

– Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm), undir skjalnúmeri 32014M7181. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2014/EES/41/13**

**(mál M.7222 – Enercon Independent Power Producer/Gothaer Leben Renewables/ Skogberget Vind)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 9. júlí 2014 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við stafl. b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]). Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á þýsku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

– Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.

– Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm), undir skjalnúmeri 32014M7222. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2014/EES/41/14**

**(mál M.7242 – Cargill/Copersucar/JV)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 10. júlí 2014 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]). Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

– Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.

– Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm), undir skjalnúmeri 32014M7242. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2014/EES/41/15**

**(mál M.7271 – Russian Machines/Fritzmeier/JV)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 14. júlí 2014 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]). Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

– Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.

– Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm), undir skjalnúmeri 32014M7271. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2014/EES/41/16**

**(mál M.7286 – CVC Capital Partners/Deoleo)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 10. júlí 2014 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]). Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á spænsku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

– Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.

– Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm), undir skjalnúmeri 32014M7286. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2014/EES/41/17**

**(mál M.7287 – CD&R Fund IX/Mauser)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 8. júlí 2014 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]). Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

– Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.

– Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm), undir skjalnúmeri 32014M7287. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2014/EES/41/18**

**(mál M.7289 – Golden Agri-Resources /CEPSA Quimica/JV)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 9. júlí 2014 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]). Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

– Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.

– Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm), undir skjalnúmeri 32014M7289. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2014/EES/41/19**

**(mál M.7294 – Caryle/Haier Group/Haier Biomedical and Laboratory Product)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 8. júlí 2014 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]). Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

– Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.

– Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm), undir skjalnúmeri 32014M7294. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

## Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja 2014/EES/41/20

## (mál M.7301 – PAI Partners/Euro Media Group)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 8. júlí 2014 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]). Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

– Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.

– Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm), undir skjalnúmeri 32014M7301. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.